

LÖG

um breyting á lögum nr. 58 12. maí 1970, um skemmtanaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Skattur af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 2. flokki, skal ekki innheimtur í sveitarfélögum með færri en 2500 íbúa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Mánaðarleiga fyrir íbúðarhúsnæði samkvæmt nýjum eða endurnýjuðum samningi gerðum á 12 mánaða tímabilinu apríl 1982 til mars 1983 má frá 1. maí 1983 ekki hækka meira en hér segir frá þeirri mánaðarleigu er gildi í mars 1983:

Samningurinn gerður eða endurnýjaður á tímabilinu:

Hámark hækkunar
1. maí 1983 frá mars-
húsaleigu 1983

Apríl—júní 1982	45%
Júlí—september 1982	32%
Október—desember 1982	21%
Janúar—mars 1983	10%

Húsaleiga, sem greidd er leigusala fyrir maímánuð 1983 samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal haldast óbreytt í júní 1983, enda sé viðkomandi húsaleigusamningur þá enn í gildi.

Húsaleiga, er samkvæmt samningi gerðum fyrir 1. apríl 1982 fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar fyrir íbúðarhúsnæði, hækkar frá 1. apríl 1983 um 51,04% samkvæmt henni.

Ákvæði þessarar gr. taka einvörðungu til húsaleigu samkvæmt samningum þar sem ákvæðið er að hún skuli fylgja breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar.